

Ed.

416. Breytingartillögur

[147. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Við 4. gr. 2. másl. 1. málgr. orðist svo:
Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður og tveir menn kosnir af kirkjuþingi til 4 ára í senn.
2. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs, enda er þeim heimilt leg í honum.
Heimilt er biskupi að banna greftrun í heimagrafreit, sé viðhaldi hans og hirðingu ábótavant að dómi sóknarnefndar eða umsjónarmanns kirkjugarða. Sé ekki úr bætt að liðnum hæfilegum fresti, er biskupi heimilt að láta leggja grafreitinn niður.
3. Við 32. gr. Síðari másl. 2. málgr. hljóði svo:
Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef um lík útlendinga er að ræða, ef nánir ættingjar hins látna samþykkja flutning eða ef kirkjugarður eða hluti hans er í eyðingarhættu.